

10. Gjöf Jóns Pálssonar og konu hans
til stofnunar drykkjumannahælis.

Kvæði eftir J(óhannes) B(irkiland)
Morgunblaðið, 5.janúar 1940.

Gjöf Jóns Pálssonar og konu hans til stofnunar drykkju- mannahælis

Hve dapurt og víðfeðmt er
drykkjumannsból,
með drepanði, nagandi friðleysis-
kvöl,
því fórn þess á bara eingöngu vól
á eyðileggingu og dauða, —
svo fremi að alls engin finnist ráð,
er fullnægi þörfum í lengd og bráð;
og gjörvöll er æfi hans glötun háð
í grimmum örlögum nauða!

Hann drekkur af því að ást og þrá
fá eigi heilbrigðu takmarki að ná;
hann veruleikanum flýja vill frá
í faðm hinna glitrandi veiga;
hann velur huggandi helstefnuleið,
í huganum áfengið magnar seið,
í hjartanu sorgin í hamförum reið
í hryllingu dauðann vill teygja!

Hann drekkur af því hans erfða-
mein
er áfengislöngun í sannleika hrein,
hún fylgir sem vofa vitskert og ein
og villir hvert spor, sem hann
stígur.

Án lækningar formyrkvast fram-
tíðarsól,
því fjöldi hans líka, til dauða kól,
sjálf ástin veitir hjer ekkert skjól,
um örlög fram dauður hann hnígur!

Öll mannkynsins von er á vísind-
um treyst,
öll vandamál heimsins þau ein geta
leyst;
allt gagnlegt og fagurt og gott
verður reist

á grundvelli þekkingarinnar.
Sje drykkjumannshæli það hjálp-
ræði í neyð,
sem hjörtu flest vona, er opnuð ný
leið

til frelsunar þeim, sem að fatast
lífsskeið
án framkvæmda mannúðarinnar.

Jón Pálsson og frú hafa hafið það
starf,
er hlýtur verðandi kynslóð í arf,
svo einblína framvegis alls ekki
þarf

á innantómt fjas og ræður;
því gjöf þeirra hjóna er grundvöll-
ur sá,
er góðir og framsýnir menn

byggja á;
þeim ógæfusömu ber aðstoð að fá,
því allt er mannkynið bræður.

Sá minnisvarði ei mótaður er
úr málm, sem blasir nú við oss
hjer;
hann litfagran mannúðarljóma ber,
sem lýsir á framtíðarárum.
Öldruðu hjónin sinn auð nota vel
því ei honum grandar rotnun nje
hel.

Þau líta í anda yfir lífsins hvel, —
þau ljett hafa böli og tárur!
J. B.

Joh S. Dinkland??